

## GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.**

### 1. gr.

*Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hverja klukkustund skal vera eftirfarandi án vsk:

- |                          |            |
|--------------------------|------------|
| a) Fyrir sérfræðinga I   | kr. 16.100 |
| b) Fyrir sérfræðinga II  | kr. 14.350 |
| c) Fyrir sérfræðinga III | kr. 12.700 |

### 2. gr.

*Skordýra- og sveppagreiningar.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir greiningu á skordýrum og myglusveppum samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 3.200 fyrir skordýragreiningu til almennings.

Fyrir greiningu á myglusveppum í mannvirkjum skal innheimta tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar.

### 3. gr.

*Útgáfa rita.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir útgáfu rita samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hvert rit skal vera eftirfarandi án vsk:

- |  |           |
|--|-----------|
| a) Fyrir fjölrít Náttúrufræðistofnunar | kr. 1.700 |
| b) Fyrir Blika                         | kr. 2.000 |

### 4. gr.

*Útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 45.100.

### 5. gr.

*Útflutningsleyfi fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi til almennings fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 6.500.

### 6. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 166/2019 fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 4. júní 2020.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Stefán Guðmundsson.*